

## 11. gr.

Gjöld skv. 9. gr. eru miðuð við byggingarvísitölu 913 stig, en heimilt er hreppsnefndinni að hækka þau eða lækka í samræmi við breytingar á henni um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins. Þá getur hreppsnefndin hækkað eða lækkað gjöld skv. 9. og 10. gr. um allt að 50%, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

## 12. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 15. janúar ár hvert.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts af húseign sinni. Vatnsskatt má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

## 13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 50 000.00 nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. apríl 1974.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

8. maí 1974.

Nr. 162.

## S A M Þ Y K K T

### um hundahald á Sauðárkróki.

## 1. gr.

Hundahald er bannað á Sauðárkróki.

## 2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingum, búsettum í kaupstaðnum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu bæjarins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem skal jafnan vera í ól um háls hundsins.

b) Árlega skal bæjarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið sem bæjarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í kaupstaðnum og skal upphæð þess við það miðuð.

c) Skytt er hundaeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.

d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.

e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa bæjarins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um bæinn fara, til óþæginda.

f) Hundaeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrir mælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Bæjarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. maí 1974.*

**F. h. r.**

**Jón Ingimarsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

**um skipulag í Bæjarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu.**

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19/21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Bæjarhrepps í Austur-Skaftafellssýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

*Félagsmálaráðuneytið, 10. maí 1974.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

## SAMÞYKKT

**um forkaupsrétt Hafnarfjarðarkaupstaðar að fasteignum innan sveitarfélagsins.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22/23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19/21. maí 1964, hefur bæjarstjórn Hafnarfjarðar gert eftirfarandi samþykkt:  
„Bæjarstjórn samþ. að nota heimild 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 til að áskilja